

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Stykkishólms.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er kr. 92,49 fyrir hvern rúmmetra vatns.

3. gr.

Greiða skal mánaðarlegt fastagjald:

- | | |
|---------------------|-----------|
| a) Af íbúðarhúsnæði | kr. 415 |
| b) Af öðru húsnæði | kr. 2.076 |

4. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Stykkishólms, skal greiða gjald 4.000 kr. Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 1.300 kr.

5. gr.

Af íbúðarhúsnæði skal greiða stofngjöld af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Tengigrind er innifalin í stofngjaldi íbúðarhúsnæðis.

Stofngjald fyrir íbúðarhúsnæði skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald + tengigjald:
Allt að 450 m ³	150.000 + 140 kr./m ³
451 – 1.000 m ³	150.000 + 63.000 + 80 kr./m ³
Yfir 1.000 m ³	150.000 + 107.000

Fyrir fleiri tengigrindur en eina skal greiða sérstakt tengigrindargjald. Tengigrindargjald er kr. 130.000 á grind.

6. gr.

Fyrir annað húsnæði en flokkast undir 5. gr. skal greiða:

Stærð húss:	Stofngjald + tengigjald:
Allt að 1.000 m ³	200.000 + 140 kr./m ³
1.001– 2.000 m ³	200.000 + 140.000 + 80 kr./m ³ yfir 1.000 m ³
Yfir 2.000 m ³	200.000 + 220.000

Húseigendur skulu sjálfir kosta tengigrindur sínar samkvæmt þessari grein, að undanskildum magnmæli sem hitaveitan leggur til.

7. gr.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og reglugerð nr. 869/1999 til að öðlast gildi þann 1. mars 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 870, 17. desember 1999 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. febrúar 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Drangsness.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir varmaorku og annað sem hér er tilgreint, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Notendagjöld eru sem hér segir:

Vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns	kr. 40,00
Fastagjald fyrir hvern mæli á dag verði	kr. 20,00
Lokunargjald	kr. 3.000,00
Gjald fyrir aukaálestur	kr. 500,00

Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu, og svarar það til notkunar 7,2 rúmmetra vatns á sól-arhring). Notendur geta sótt um afslátt á vatnsgjaldi ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mæla-botns eftir að áætlað hámarksrennsli, sbr. að ofan, hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur.

Tengigjöld eru sem hér segir:

Heimæðagjald fyrir íbúðarhús verði	kr. 120.000.
Heimæðagjöld fyrir húsnæði yfir 1200 rúmmetra að stærð	kr. 200.000.

Sveitarstjórn er heimilt að veita afslátt af tengigjöldum og dreifa greiðslum á allt að 12 mánuði. Þá er sveitarstjórn heimilt að semja um lægri notendagjöld til stórnotenda í atvinnurekstri.

3. gr.

Notendagjöld samkvæmt 2. gr. verða krafín mánaðarlega með gjalddaga 20. dag næsta mánaðar og eindaga 10 dögum síðar. Lesið verður af mælum eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er að vaxtareikna ógreidd notendagjöld frá gjalddaga hafi þau ekki verið greidd á eindaga.